

**Hluthafafundur í Sýn hf.
20. október 2022**

Fimmtudaginn 20. október 2022 klukkan 10.00 árdegis var haldinn hluthafafundur hjá Sýn hf. í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, stjórnarformaður, setur fundinn. Lagði hún til að Kristinn Hallgrímsson hrl. annaðist fundarstjórn. Tillagan var samþykkt og tók fundarstjóri við stjórn fundarins.

Fundarstjóri fór yfir boðun hluthafafundarins sem fram fer að beiðni þriggja hluthafa félagsins sem samanlagt fara með rúmlega 10% eignarhlut í félaginu. Fundarstjóri segir að boðun hafði farið fram með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í Kauphöll 23. september og 13. október og með auglýsingu í Fréttablaðinu 24. september. Væri boðun því með þeim hætti sem áskilið væri. Hefðu auglýsingarnar verið með tilskyldum fresti samkvæmt samþykktum félagsins. Hlutaskrá félagsins liggur fyrir fundinum og samkvæmt henni er mætt fyrir 66 hluthafa sem hafa að baki sér 86,48% hlutfjár. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti. Fundurinn skoðast því lögmætur.

Fundarstjóri gerði tillögu um Snorra Stefánsson, lögmann, sem fundarritara. Tillagan var samþykkt.

Að því búnu var gengið til dagskrár.

1. Tillaga um að binda enda á kjörtímabil stjórnar

Boðað var til fundarins á grundvelli beiðni hluthafa um stjórnarkjör. Í fundarboði stjórnar er gert ráð fyrir því að á dagskrá verði tveir liðir þar sem fyrst yrði rætt um tillögu um að endi yrði bundinn á kjörtímabil sitjandi stjórnar og svo færi fram færi stjórnarkjör eftir atvikum. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu félagsins.

Bjarki Diego lögmaður og ráðgjafi Fasta ehf. kvaddi sér hljóðs og mótmælti því að tillaga um að bundinn yrði endir á kjörtímabil stjórnar yrði tekin sérstaklega til umfjöllunar þar sem ekki hefði verið óskað eftir því að slík tillaga yrði tekin til afgreiðslu. Kvað hann þessa aðferð leiða til þess að minnihlutavernd yrði takmörkuð. Kvað hann það skoðun sína að hlutafélagalög styddu afstöðu sínu. Nefndi Bjarki nýlega hluthafafundi þar sem gengið var beint til stjórnarkjörs máli sínu til stuðnings. Taldi hann ennfremur að samþykktir Sýnar styddu við þau sjónarmið sem hann reifaði. Taldi Bjarki að friðvænlegast væri að fallið yrði frá þessum dagskrárlið og gengið beint til stjórnarkjörs. Óskað Bjarki eftir því að sjónarmiðin yrðu færð til bókar skv. skriflegri bókun sem hann afhendi fundarstjóra og er svohljóðandi:

„Bókun Fasta ehf., hluthafa sem fer með atkvæðisrétt fyrir 20.650.000 hlutum, sem samsvarar 7,69% af útgefnu hlutfé Sýnar hf.

Fasti ehf., hluthafi sem fer með atkvæðisrétt fyrir 20.650.000 hlutum í Sýn hf., mótmælir því að lögð verði fram tillaga á hluthafafundinum um að bundinn verði endir á kjörtímabil sitjandi stjórnar félagsins og að fundarefni sem óskað hefur verið eftir að tekið verði fyrir á fundinum, þ.e. stjórnarkjör skv. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sé bundið því skilyrði að tillaga þar um verði samþykkt.

Fundarefni sem hluthafar, sem fara með samtals 10,18% hlut í Sýn hf., hafa óskað eftir að tekið sé fyrir á hluthafafundi er stjórnarkjör skv. 63. gr. laga um hlutafélög, en ekki hefur verið óskað eftir að bundinn verði endir á kjörtímabil sitjandi stjórnar í heild sinni.

Það mat stjórnar Sýnar hf., sem fram kemur í fundarboði, að í beiðni um stjórnarkjör felist einnig tillaga um að bundinn verði endir á kjörtímabil sitjandi stjórnar í heild á sér hvorki stoð í lögum um hlutafélög né samþykktum félagsins.

Leiðir það heldur ekki af beiðni um stjórnarkjör skv. 63. gr. laga um hlutafélög að verið sé að gera kröfu um brottvikningu stjórnar í heild sinni eða að bundinn verði endir á kjörtímabil stjórnar, þar sem stjórnarkjör hefur þær einar afleiðingar í för með sér að þeir stjórnarmenn sem áður sátu í stjórn og ekki eru í endurkjörnir hafa ekki lengur umboð hluthafafundar til stjórnarsetu.

Er heldur ekki með nokkrum hætti unnt að fallast á að áskilið sé að meirihluti hluthafa samþykki að bundinn sé endir á kjörtímabil stjórnar félagsins áður en gengið er til stjórnarkjörs, þar sem slík ályktun er í hróplegu ósamræmi við ákvæði hlutafélagalaga um minnihlutavernd hluthafa og getur beinlínis komið í veg fyrir að minnihluta hluthafar geti nýtt lögbundinn rétt sinn til að koma að fundarefni til samræmis við 85. gr. laga um hlutafélög.

Af hálfu Fasta ehf. er þess því farið á leit að gengið verði beint til umbeðins fundarefnis, sem óskað hefur verið eftir af áskildum fjölda eigenda hlutafjár í Sýn hf. til samræmis við 85. gr. laga um hlutafélög, þ.e. að fram fari stjórnarkjör til samræmis við 63. gr. laga um hlutafélög, án þess að áður verði lögð fram tillaga um að bundinn verði endir á kjörtímabil sitjandi stjórnar félagsins, þar sem tillaga þar um hefur ekki verið borin fram hluthöfum, á sér enga stoð í samþykktum Sýnar hf., er í ósamræmi við ríkjandi framkvæmd og stangast á við lög um hlutafélög.“

Höskuldur Eiríksson ráðgjafi Gavia Invest ehf. lýsti því yfir að félagið væri sammála afstöðu Bjarka.

Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs kvaddi sér hljóðs. Sagði hann að best væri ef jafna mætti ágreining um mál af þessu tagi enda væri óheppilegt ef félagið gæti þurft að þola að fundurinn yrði dæmdur ólögmaður

Óskaði Höskuldur Eiríksson það aftur um orðið og benti á að ákveðinn munur væri á framsetningu beiðna hluthafa um annars vegar fundarefni þessa fundar og svo hins vegar hluthafafundar sem fram fór 31. ágúst 2022.

Jóhann Hjartarson stjórnarmaður Sýnar kvaddi sér hljóðs. Sagðist hann vera stuðningsmaður þess framgangsmáta sem auglýstur hefði verið. Taldi hann það ekki æskilega minnihlutavernd ef minnihluti hluthafa í hluthafafélagi gæti ítrekað fengið boðað til fundar til þess að skipta um stjórn.

Bjarki Diego kvaddi sér hljóðs á ný. Sagðist hann hafa ákveðna samúð með framkomnum sjónarmiðum en sagði að til þess að fallast mætti á þau væri eðlilegt að í samþykktum félagsins væri ákvæði sem kvæði á um kjörtímabil stjórnar.

Að loknum umræðum bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða eða 89,8%.

2. Stjórnarkjör

Fundastjóri sagði fundinn hafa verið undirbúin með það að leiðarljósi að allar líkur væru á stjórnarkjöri. Fór fundastjóri yfir það hverjir hefðu boðið sig fram til setu í stjórn. Vakti hann athygli á þeim reglum sem gilda um kjör stjórnarmanna og minnti hann fundarmenn á að óskað hefði verið eftir margfeldiskosningu. Þá fór hann yfir kjörseðilinn og hvernig hann mætti fylla út.

Þá gaf fundarstjóri frambjóðendum kost á að gera grein fyrir sér. Frambjóðendur óskuðu ekki eftir því gera grein fyrir sér í löngu máli. Vísuðu þeir til þess sem fram kom í skýrslu tilnefningarnefndar og kynningu fundarins.

Atkvæðagreiðsla fór fram til aðal og varastjórnar samhliða.

Að lokinni atkvæðagreiðslu kynnti fundarstjóri niðurstöðu stjórnarkjörs. Rétt kjörin í stjórn voru Jón Skaptason, Hákon Stefánsson, Páll Gíslason, Rannveig Eir Einarsdóttir og Sesselía Birgisdóttir. Í varastjórn voru kjörin Daði Kristjánsson og Salóme Guðmundsdóttir.

3. Önnur mál löglega upp borin

Fundarstjóri upplýsti að engin önnur mál væru á dagskrá fundarins en bauð fundargestum að taka til máls undir liðnum. Kvaddi enginn sér hljóðs.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og gerði að tillögu sinni að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki. Var fundi slitið kl. 11.31.

Framangreint staðfestist hér með.



Kristinn Hallgrímsson hrl.
fundarstjóri



Snorri Stefánsson, lögmaður,
fundarritari